

Lög

um breytingu á lögum um vörugjald, nr. 97/1987, og tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum (lagfæringar á tilvísunum og tollskrárnúmerum vegna álagningar á sykur og sætuefni).

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

1. gr.

3. másl. 1. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr. 3. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „innflytjanda“ í 1. másl. kemur: eða framleiðanda.
- b. Á eftir orðinu „tollskýrslu“ í 1. másl. kemur: eða vörugjaldsskýrslu.
- c. Á eftir orðinu „þyngd“ fyrra sinni í 1. másl. kemur: sykurs.
- d. Á eftir orðinu „innflytjandi“ í 2., 3. og 4. másl. kemur: eða framleiðandi.

3. gr.

Í stað orðsins „ríkisskattstjóri“ í 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: tollstjóri.

4. gr.

Í stað orðanna „2. mgr. 8. gr.“ í 5. mgr. 7. gr. laganna kemur: 2. mgr. 14. gr.

5. gr.

Í stað orðanna „vaxtalögum, nr. 25/1987“ í 7. mgr. 9. gr. laganna kemur: lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I við lögin:

- a. Tollskrárnúmerin 0402.1000, 0403.1019, 0403.1029, 0403.9014, 0403.9019 og 0409.0000 falla brott úr A-lið viðaukans.
- b. Við A-lið viðaukans bætist tollskrárnúmerið 0402.1090 sem skal bera vörugjaldið 15 kr./kg.

- c. Við A-lið viðaukans bætist tollskrárnúmerið 2106.9039, sem skal bera vörugjaldið 95 kr./kg.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „210 kr./kg“ á tollskrárnúmerum 2106.9022 og 2106.9063 í A-lið viðaukans kemur: 168 kr./kg.
- e. Í stað tollskrárnúmersins „2934.9200“ í A-lið viðaukans kemur: 2934.9910.
- f. Tollskrárnúmerið 2932.1910 bætist við A-lið viðaukans og skal bera vörugjaldið 42.000 kr./kg.
- g. Tollskrárnúmerin 2203.0091, 2203.0092, 2203.0093, 2203.0094, 2203.0095, 2203.0096 og 2203.0099 falla brott úr B-lið viðaukans.

II. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

7. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „44.000 kr.“ í b-lið 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: 88.000 kr.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tollskrá í viðauka I við lögin:

| | A | A1 | E |
|--|----------|---------------|----------|
| | <u>%</u> | <u>kr./kg</u> | <u>%</u> |
| a. Tollskrárnúmerið 0402.1000 fellur niður og í staðinn kemur: | | | |
| – Í formi dufts, korns eða öðru föstu formi, með fituinnihaldi sem er ekki meira en 1,5% miðað við þyngd: | | | |
| 0402.1010 – – Án viðbætts sykurs eða annars sætiefnis | 30 | 344 | |
| 0402.1090 – – Annað | 30 | 344 | |
| b. Tollskrárnúmerin 2202.1011 til og með tollskrárnúmerinu 2202.1029 ásamt fyrsögnum falla brott og í staðinn kemur: | | | |
| – – Gosdrykkir með viðbættum sykri eða sætiefnum: | | | |
| 2202.1011 – – – Í einnota stálumbúðum | 20 | 0 | |
| 2202.1012 – – – Í einnota álumbúðum | 20 | 0 | |
| 2202.1013 – – – Í einnota glerumbúðum stærri en 500 ml | 20 | 0 | |
| 2202.1014 – – – Í einnota glerumbúðum, 500 ml og minni | 20 | 0 | |
| 2202.1015 – – – Í einnota plastumbúðum, lituðum | 20 | 0 | |
| 2202.1016 – – – Í einnota plastumbúðum, ólituðum | 20 | 0 | |
| 2202.1019 – – – Annars | 20 | 0 | |
| – – Gosdrykkir án viðbætts sykurs eða sætiefna: | | | |
| 2202.1031 – – – Í einnota stálumbúðum | 20 | 0 | |
| 2202.1032 – – – Í einnota álumbúðum | 20 | 0 | |
| 2202.1033 – – – Í einnota glerumbúðum stærri en 500 ml | 20 | 0 | |
| 2202.1034 – – – Í einnota glerumbúðum, 500 ml og minni | 20 | 0 | |
| 2202.1035 – – – Í einnota plastumbúðum, lituðum | 20 | 0 | |
| 2202.1036 – – – Í einnota plastumbúðum, ólituðum | 20 | 0 | |
| 2202.1039 – – – Annars | 20 | 0 | |
| – – Sérstaklega tilreitt fyrir ungbörn og sjúka: | | | |
| 2202.1041 – – – Í pappaumbúðum | 0 | 0 | |
| 2202.1042 – – – Í einnota stálumbúðum | 0 | 0 | |
| 2202.1043 – – – Í einnota álumbúðum | 0 | 0 | |

| | | | | |
|--|-----|--|---|---|
| 2202.1044 | --- | Í einnota glerumbúðum stærri en 500 ml | 0 | 0 |
| 2202.1045 | --- | Í einnota glerumbúðum, 500 ml og minni | 0 | 0 |
| 2202.1046 | --- | Í einnota plastumbúðum, lituðum | 0 | 0 |
| 2202.1047 | --- | Í einnota plastumbúðum, ólituðum | 0 | 0 |
| 2202.1049 | --- | Annars | 0 | 0 |
| c. Á 29. kafla verða eftirfarandi breytingar: | | | | |
| 1. Tollskrárnúmerin 2940.0010 og 2940.0090 bætast við vöruliðinn 2940, svohljóðandi: | | | | |
| 2940.0010 | - | Sætiefni til matvælaiðnaðar | 0 | |
| 2940.0090 | - | Annað | 0 | |
| 2. Tollskrárnúmerin 2932.1910 og 2932.1990 bætast við vöruliðinn 2932, svohljóðandi: | | | | |
| -- Annars: | | | | |
| 2932.1910 | --- | Sucralose og önnur sætiefni til matvælaiðnaðar | 0 | |
| 2932.1990 | --- | Annars | 0 | |
| 3. Tollskrárnúmerið 2905.4900 fellur niður og í staðinn kemur: | | | | |
| -- Annars: | | | | |
| 2905.4910 | --- | Sætiefni til matvælaiðnaðar | 0 | |
| 2905.4990 | --- | Annars | 0 | |

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma til framkvæmda 1. mars 2013 nema b-, c-, e- og f-liðir 6. gr. sem koma þegar til framkvæmda.

Samþykkt á Alþingi 13. mars 2013.

